

1990

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara.

Ég er sammála atkvæði meiri hluta dómara að öðru leyti en því, að ég tel, að vísa eigi kröfu sóknaraðilja um, að „lagt verði fyrir héraðsdómarann að kveðja stefndu Gylfa og Sigurjón fyrir dóm og taka af þeim skýrslur,“ frá Hæstarétti, þar sem sá þáttur í úrskurði héraðsdómara er ekki kæranlegur samkvæmt 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Miðvikudaginn 22. desember 1982.

Nr. 87/1980.

Almennar tryggingar h/f

(Guðmundur Pétursson hrl.)

gegn

Sverri Gauki Ármannssyni

(Þórólfur Kristján Beck hrl.)

og

Sverrir Gaukur Ármannsson

gegn

dánarbúi Karls Smára Magnússonar

Almennum tryggingum h/f

Rögnu Lindberg Magnúsdóttur og

Hagtryggingu h/f

(Hjörtur Torfason hrl.)

og

dánarbúi Karls Smára Magnússonar

(Guðmundur Pétursson hrl.)

gegn

Sverri Gauki Ármannssyni.

Bifreiðar. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Þ. Torfason og Guðmund-

ur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardóm-
arar.

Aðaláfrýjandi, Almennar tryggingar h/f, hefur skotið mál-
inu til Hæstaréttar með stefnu 9. júní 1980. Hann krefst
sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda Sverris Gauks Ár-
mannssonar og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði
og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi Sverrir Gaukur Ármannsson áfrýjaði mál-
inu upphaflega með stefnu 30. október 1980, að fengnu áfrýj-
unarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn
29. s. m. Útivistardómur gekk í þeirri gagnsök 4. maí 1981.
Áfrýjaði gagnáfrýjandi að svo komnu héraðsdóminum að
nýju 5. maí 1981 samkvæmt heimild í 36. gr. framangreindra
laga. Hann gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjandi, Almenn-
ar tryggingar h/f, og gagnáfrýjandi dánarbú Karls Smára
Magnússonar svo og stefndu, Ragna Lindberg Magnúsdótt-
ir (sem ranglega er nefnd Ragna Lindberg Marusdóttir í hin-
um áfrýjaða dómi) og Hagtrygging h/f, verði dæmd til að
greiða honum óskipt 1.602.557.00 krónur (nýkr.) með 13%
ársvöxtum frá 29. september 1974 til 21. nóvember 1977,
16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% árs-
vöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, en með dómvöxtum
samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags.
Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæsta-
rétti úr hendi allra framangreindra aðilja, eins og málið
væri ekki gjafsóknarmál, en hann hafði gjafsókn í héraði og
hefur fengið gjafvörn og gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi
dómsmálaráðherra 20. október 1981.

Framangreinda kröfugerð hefur gagnáfrýjandi Sverrir
Gaukur bundið þeirri sérstöku takmörkun, að hann hefur
lýst yfir því, að hann krefjist ekki, að sér verði dæmd önn-
ur og hærri fjárhæð úr dánarbúi Karls Smára Magnússonar
en aðaláfrýjanda, Almennum tryggingum h/f, kunni að
verða dæmt skylt að greiða. Á sama hátt takmarkar hann fé-
bótakröfur sínar á hendur stefndu Rögnu Lindberg Magnús-
dóttur við þær fjárhæðir, sem stefnda Hagtryggingu h/f
kunni að reynast skylt að greiða honum.

Stefndu, Ragna Lindberg Magnúsdóttir og Hagtrygging h/f, krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi dánarbú Karls Smára Magnússonar áfrýjaði málinu af sinni hendi með stefnu 27. nóvember 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 25. nóvember 1981. Gerir dánarbúið að öllu leyti sömu dómkröfur og aðaláfrýjandi, Almennar tryggingar h/f, þ. e. að það verði sýknað af öllum kröfum gagnáfrýjanda Sverris Gauks Ármannssonar og því dæmdur málskostnaður úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð ný áætlun Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings, dags. 15. nóvember 1982, um tjón gagnáfrýjanda Sverris Gauks vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku. Er hinn nýi útreikningur reistur á sömu forsendum og þeir útreikningar, sem áður hafa verið lagðir fram í málinu, að öðru leyti en því, að tekið er tillit til þeirra breytinga, sem orðið hafa á tímakaupi Dagsbrúnar, frá því að fyrri útreikningar voru gerðir. Einnig er þar hið áætlaða tekjutap, reiknað til höfuðstólsandvirðis á slysdegi, eigi aðeins miðað við 9% og 13% ársvexti, heldur einnig 5% og 7% ársvexti.

Niðurstöður tryggingafræðingsins eru þessar í nýkr.:

	„Áætlaðar vinnutekjur	Áætlað tekjutap
1. árið eftir slysið	12.622	12.186
2. — — —	17.796	13.347
3. — — —	22.969	17.227
4. — — —	37.080	27.810
5. — — —	51.100	38.330
6. — — —	76.520	57.390
7. — — —	122.980	92.240
8. — — —	185.580	139.190
Síðan árlega	235.140	176.350

Höfuðstólsandvirði vinnutekjutaps á slysdegi:

	Tímabundin	Varanleg	Alls
	örorka	örorka	nýkr.
5% ársvextir	2.670	2.341.800	2.344.470
7% ársvextir	2.650	1.511.000	1.513.650
9% ársvextir	2.635	1.215.100	1.217.735
13% ársvextir	2.600	729.500	732.100

Höfuðstólsandvirði dagpeninga, örorkulífeyris- og tekju-
tryggingar reiknast mér nema á slysdegi:

	Dag- peningar	Örorku- lífeyrir	Tekju- trygging	Alls
				nýkr.
5% ársvextir	1.813	357.100	391.900	750.813
7% ársvextir	1.796	242.300	264.500	508.596
9% ársvextir	1.780	184.100	199.800	385.680
13% ársvextir	1.747	111.300	119.800	232.847“

Með hliðsjón af þessum útreikningum telur gagnáfrýjandi Sverrir Gaukur örorkutjón sitt nema 1.593.557.00 (ætti að vera 1.593.657.00) krónum ($2.344.470.00 \div 750.813.00$), sem að viðbættum þeim 9.000.00 krónum, er hann krefst í bætur fyrir ófjárhagslegt tjón, nemur dómkröfu hans, svo sem hún hefur verið hækkuð fyrir Hæstarétti.

Á þeim tíma, er slys það varð, sem málið er af risið, nam fjárhæð ábyrgðartrygginga bifreiðanna Y 4469 og G 6628 hjá váttryggjendum þeirra, aðaláfrýjanda, Almennum trygg-
ingum h/f, og stefnda Hagtryggingu h/f, 6.000.000 krónum (gkr.) vegna hvorrar bifreiðar, sbr. 70. gr. laga nr. 40/1968, svo sem því ákvæði hafði verið breytt með 1. gr. laga nr. 25/1974. Af hendi gagnáfrýjanda Sverris Gauks Ármannssonar er því þó haldið fram til skýringar á hækkun bóta-
kröfunnar fyrir Hæstarétti, að hámark bóta, er váttrygging-
arfélögin ábyrgist gagnvart honum — og þar með einnig eft-
ir kröfugerð hans fébótakröfurnar á hendur gagnáfrýjanda dánarbúi Karls Smára Magnússonar og stefndu Rögnu Lind-
berg Magnúsdóttur — takmarkist þó ekki af framangreindri
fjárhæð, heldur einungis af þeirri fjárhæð ábyrgðartrygg-
inga, sem lögboðin sé fyrir sams konar bifreiðar á þeim degi,
er dómur verði lagður á mál þetta. Sú fjárhæð sé 2.700.000.00

krónur (nýkr.), sbr. auglýsingu nr. 281/1981, sem sett er með heimild í 3. mgr. 70. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 65/1978.

Á þessa lögskýringu verður ekki fallist. Verður að telja, að bótaábyrgð váttryggingarfélaganna, ef dæmd yrði, gæti ekki farið fram úr hámarki þeirra ábyrgðartrygginga vegna bifreiðanna, sem í gildi voru, er slysið varð. Þegar af þessari ástæðu og eftir kröfugerð gagnáfrýjanda Sverris Gauks Ármannssonar að öðru leyti er ekki fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973, til að hann megi hafa uppi hærri kröfur fyrir Hæstarétti en hann gerði í héraði.

II.

Um kröfur gagnáfrýjanda Sverris Gauks Ármannssonar á hendur gagnáfrýjanda dánarbúi Karls Smára Magnússonar og aðaláfrýjanda, Almennum tryggingum h/f.

Fallast ber á, að ökumaður bifreiðarinnar Y 4469, Karl Smári Magnússon, hafi átt sök á slysinu með því að hafa ekki nægilegt vald á bifreið sinni og veita bifreiðinni G 6628 ekki eftirtækt, fyrr en í óefni var komið.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, tóku rannsóknarlögreglumenn skýrslur eftir slysið af allmörgum mönnum, sem hitt höfðu Karl Smára ýmist á dansleiknum í veitingahúsinu Sigtúni eða að dansleik loknum fyrir utan húsið. Þær skýrslur benda ákveðið til verulegrar áfengisneyslu Karls Smára á dansleiknum svo og þess, að hann hafi sjáanlega verið ölvaður, er hann hóf aksturinn. Þykir nauðsynlegt að greina frá því helsta, sem fram kom í skýrslum þessum um framangreind atriði.

Fyrir rannsóknarlögreglu skýrði Steinn Steinsen m. a. svo frá, að Karl Smári hefði verið „talsvert drukkinn“ á dansleiknum. Tryggva Stefánssyni sagðist svo frá, að um miðnættið hefði sér fundist Karl Smári „ölvaður, en þó ekki mikið“. Valdimar Örn Karlsson sagðist hafa séð Karl Smára drekka af stút úr tveimur háflöskum af hvítvíni á dansleiknum, í einum teig úr hvorri flösku. Sagðist hann hafa séð, að Karl Smári hefði verið undir áfengisáhrifum, þó að

hann treysti sér ekki til að segja hve miklum. Daníel Gísli Friðriksson greindi frá því, að hann hefði séð Karl Smára drekka úr hálfflösku af hvítvíni í einum teig, en taldi sig ekki geta sagt, að hann hefði séð á honum áfengisáhrif, þó að svo kynni að hafa verið. Þá sagðist Arna Ásmundssyni svo frá, að hann hefði þreytt kappdrykkju við Karl Smára. Hefðu þeir hvor um sig tæmt hálfflösku af hvítvíni í einum teig. Taldi hann Karl Smára hafa verið eitthvað undir áfengisáhrifum, er kappdrykkja þessi var þreytt. Heimir Fannar og Stefán Hans Stephensen greindu báðir frá því, að þeir hefðu horft á slíka kappdrykkju Karls Smára. Taldi hinn fyrrnefndi Karl Smára hafa verið orðinn mjög ölvaðan milli kl. 0115 og 0130 um nóttina, en í skýrslu hins síðarnefnda kom fram, að skömmu fyrir kl. 0115 hefði hann séð Karl Smára og hann þá vírst nokkuð drukinn.

Að dansleik loknum sáu þeir Oddgeir Jónsson og Guðmar Hafberg Hauksson Karl Smára og gagnáfrýjanda fyrir utan veitingahúsið. Sáú þeir þá, að Karl Smári var drukinn, og reyndu af þeirri ástæðu að telja hann ofan af því að aka bifreið sinni frá veitingahúsinu, þó að hann væri þeim ókunnugur. Er þær fortölur báru engan árangur, varð þetta þeim tilefni til að fylgjast með bifreið hans, uns slysið varð, svo sem nánar er frá greint í hinum áfrýjaða dómi.

Þegar skýrslur allra þessara manna eru virtar í heild, verður að telja nægilega sannað, að Karl Smári hafi verið svo mjög undir áhrifum áfengis, er hann hóf akstur að loknum dansleiknum, að augljóst hafi verið, að ótækt væri, að hann æki bifreið. Þykir ólíklegt, að þetta hafi mátt dyljast gagnáfrýjanda Sverri Gauki, er hann þáði far með Karli Smára og fór upp í bifreið hans, og það því fremur sem hann var vel kunnugur Karli Smára. En jafnvel þó að svo hefði verið, er á það að líta, að gagnáfrýjandi Sverrir Gaukur var inni í bifreið Karls Smára, þegar þeir Oddgeir Jónsson og Guðmar Hafberg Hauksson reyndu árangurslaust að telja hann ofan af því að aka. Hafði hann þannig aðstöðu til að fylgjast með því, hvað þeim fór á milli. Að vísu hefur því verið hreyft af hálfu gagnáfrýjanda Sverris Gauks, að

á þessum tíma muni hann hafa verið rænulaus vegna ofur-ölvunar. Sú staðhæfing er þó ósönnuð og raunar ósennileg. Kemur þar hvort tveggja til, að Sverrir Gaukur hefur að öðru leyti getað gefið nokkuð greinargóða lýsingu á því, sem fram fór utan dyra við Sigtún, og hann virðist tvisvar hafa fært sig milli sæta í bifreiðinni, áður en ekið var af stað.

Þar sem gagnáfrýjandi Sverrir Gaukur tók sér far með Karli Smára við framangreindar aðstæður, verður að telja, að hann hafi tekið á sig áhættu, sem valdi því, að hann geti ekki krafist dánarbú hans um skaðabætur vegna tjóns síns. Ber því að sýkna það af kröfum hans í málinu. Leiðir þá einnig af því, að kröfur gagnáfrýjanda Sverris Gauks á hendur aðaláfrýjanda, Almennum tryggingum h/f, verða ekki til greina teknar, sbr. 2. mgr. 74. gr. laga nr. 40/1968.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður milli þessara aðilja falli niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

III.

Um kröfur gagnáfrýjanda Sverris Gauks á hendur stefndu, Rögnu Lindberg Magnúsdóttur og Hagtryggingu h/f.

Eins og í héraðsdómi greinir, er Sogavegur um 9 m breið gata fyrir umferð í báðar áttir, og var götunni skipt í tvo vegarhelminga með brotinni línu. Vörubifreiðinni G 6628 hafði verið lagt við hægri brún götunnar. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að því er stefndu varðar, en rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti milli þeirra og gagnáfrýjanda Sverris Gauks falli niður.

IV.

Akvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað á að vera óraskað. Allur gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður gagnáfrýjanda Sverris Gauks Ármannssonar fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, 14.000.00 krónur.

Það er athugavert, að mál þetta var fyrst flutt munnlega

og dómtekið í héraði 26. júní 1979. Það var síðan endurupptekið til frekari gagnaöflunar og flutt og dómtekið að nýju 12. mars 1980, án þess að fram hefði farið nein gagnaöflun, er gerði nauðsynlegan svo langan drátt á málsmeðferðinni.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, Almennar tryggingar h/f, gagnáfrýjandi dánarbú Karls Smára Magnússonar og stefndu, Ragna Lindberg Magnúsdóttir og Hagtrygging h/f, eiga að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda Sverris Gauks Ármannssonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Akvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað á að vera óraskað.

Allur gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður gagnáfrýjanda Sverris Gauks Ármannssonar fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Þórólfs Kristjáns Beck hæstaréttarlögmans, 14.000.00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda aftur að III. kafla atkvæðisins.

Tvistefnuakstur var á Sogavegi. Samkvæmt uppdrætti lögreglu var breidd akbrautar á slysstað um 9 m. Akreinalína samkvæmt 22. gr. reglugerðar nr. 61/1959 skipti akbrautinni eftir miðju. Vörubifreiðin G 6628 var 2.35 m á breidd að því er ráða má af málflutningi. Bifreiðar gátu þess vegna ýmist illa eða alls ekki ekið fram hjá henni á eðlilegum umferðarhraða án þess að fara yfir akreinalínuna. Samkvæmt skýrslu rannsóknarlögreglumannsins Grétars Sæmundssonar, sem rannsakaði slysstað, endurköstuðu afturljós bifreiðar,

arinnar ekki ljósi og glitmerki á pallhornum, fyrr en komið var allnærri bifreiðinni. Fram er og komið, að lög-reglumaðurinn Haukur Ásmundsson hafði föstudagskvöldið fyrir slysið gagnert farið á heimili ökumannsins til að óska þess, að bifreiðin yrði færð úr stað, þar sem hann taldi hana valda hættu, þar sem hún stóð.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, verður að telja verulega umferðarhættu hafa stafað af vörubifreiðinni. Var ótækt af ökumanni hennar að leggja henni ógangfærri, þar sem hún stóð, og láta hana standa þar svo lengi sem gert var, sbr. 1. mgr. og e lið 5. mgr. 51. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Verður vegna þessa að líta svo á, að stefndu, sem ekki ve-fengja aðild sína, beri að nokkru fébótaábyrgð vegna slyss-ins. Þykir mega við það miða, að sök eigi að skipta þannig, að ábyrgð þeirra á tjóninu sé að 1/3 hluta.

Í atkvæði meiri hluta dómenda er greint, hvernig gagn-áfrýjandi Sverrir Gaukur sundurliðar kröfur sínar fyrir Hæstarétti. Þegar litið er til hinna stórfelldu meiðsla hans og örorku, svo sem hún hefur verið metin, og ætlunar Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings um tjón hans vegna örorkunnar og loks haft í huga, að stefndu fallast á fjárhæð hins ófjárhagslega tjóns, svo sem það er tiltekið í kröfugerðinni, má telja tvímælalaust, að tjón gagnáfrýj-anda Sverris Gauks, það, er stefndu beri að bæta, sé, hvað sem öðru líður, eigi minna en þær 60.000.00 krónur, sem há-marksábyrgð beggja stefndu nemur, eftir því sem nánar greinir í atkvæði meiri hluta dómenda. Tel ég því, að dæma beri stefndu til að greiða gagnáfrýjanda Sverri Gauki þá fjárhæð óskipt ásamt vöxtum frá 29. september 1974 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæsta-rétti, er renni í ríkissjóð. Hvorugt er þó ástæða til að tiltaka nánar, þar sem meiri hluti dómenda hefur komist að þeirri niðurstöðu, að sýkna beri stefndu í málinu.

Að öðru leyti er ég samþykkur atkvæði meiri hluta dóm-enda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. mars 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Sverrir Armanns-

son, Digranesvegi 64, Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 7. febrúar 1978, á hendur dánarbúi Karis Smára Magnússonar, Nýbýlavegi 28 C, Kópavogi, Almennum tryggingum h/f, Reykjavík, Rögnu Lindberg Marusdóttur (sic), Flekkudal, Kjósarhreppi, Kjósarsýslu, og Hagtryggingu h/f, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta.

Kröfur stefnanda eru nú þær, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnanda kr. 18.916.982 með 13% ársvöxtum frá 29. september 1974 til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979 og 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að mati dómarans, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 19. september 1978, var stefnanda veitt gjafsókn í málinu.

Stefndu hafa krafist sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómarans.

Málsatvik eru þau, að aðfaranótt sunnudagsins 29. september 1974 ók Karl Smári Magnússon bifreið sinni, Y 4469, frá veitingahúsinu Sigtúni við Suðurlandsbraut áleiðis til Kópavogs. Stefnandi var farþegi í bifreiðinni. Er Karl Smári ók austur Sogaveg, lenti bifreiðin á pallhorni vörubifreiðarinnar G 6628, þar sem hún stóð kyrrstæð við hægri brún þeirrar götu á móts við húsið nr. 88. Við áreksturinn hlaut Karl Smári meiðsl, er leiddu til dauða hans, en stefnandi hlaut meiðsl, sem leiddu til varanlegrar örorku hans, sem metin hefur verið 75 af hundraði. Ábyrgðartryggjandi bifreiðarinnar Y 4469 var Almennar tryggingar h/f. Eigandi vörubifreiðarinnar G 6628 var stefnda Ragna Lindberg og ábyrgðartryggjandi þeirrar bifreiðar var stefndi Hagtrygging h/f. Telur stefnandi sig eiga kröfu á hendur öllum hinum stefndu til bóta vegna þess tjóns, sem hann varð fyrir við umrætt slys, samkvæmt almennum skaðabótareglum og ákvæðum umferðarlaga þar um.

Allitarlegar skýrslur hafa verið teknar af aðiljum og vitnum vegna slyss þessa, fyrst hjá rannsóknarlögreglu strax eftir slysið og einnig hér fyrir dómi. Af þessum skýrslum er ljóst, að kvöldið 28. september og fram á nóttina 29. september 1974 var dansleikur í veitingahúsinu Sigtúni við Suðurlandsbraut hér í borginni. Á þeim dansleik var stefnandi og einnig Karl Smári.

Þeir voru jafnaldra og þekktust, frá því er þeir voru í sama skóla og bjuggu í nágrenni í Kópavogi. Einnig voru á dansleiknum fleiri skólabræður þeirra félaga og kunningjar úr Kópavogi. Verða skýrslur þessar þessara aðilja nú raktar að því leyti sem máli þykir skipta.

Stefnandi kvaðst hafa verið góður kunningi Karls Smára heitins í og eftir skólagöngu þeirra saman í Kópavogi svo og Guðjóns Magnússonar. Hafi þeir félagar haldið hópinn og m. a. oft farið saman út til skemmtana, dansleiki. Allir hafi þeir haft umráð bifreiða, ef á þurfti að halda, og þá bifreiðar foreldra sinna. Það hafi verið venja þeirra, að þá er þeir fóru út til skemmtana, hafi einn þeirra haft bifreiðaumráð og tekið það verkefni að sér að vera ökumaður fyrir alla og jafnframt tekið á sig að neyta ekki áfengis á skemmtuninni, en allir hafi neytt áfengis á þessum tíma. Hafi þetta verið ákveðin verkaskipting milli þeirra. Þetta hér umrædda kvöld kvaðst stefnandi ekki hafa verið með þessum tilteknu félögum sínum. Hann hafi komið til dansleiksins einn síns liðs eitthvað eftir kl. 2330, þegar húsinu hefði átt að hafa verið lokað. Karl Smára hafi hann hitt við fatageymslu hússins, þá er hann hafi verið kominn inn, en ekki rætt við hann sérstaklega nema skipst á kveðjum. Er hann kom í húsið, hafi hann verið undir áhrifum áfengis. Hafi hann skemmt sér á dansleiknum, en ekki hafa haft fast sæti, heldur notið sætis á ýmsum stöðum eftir atvikum, aldrei þó við það borð, sem Karl Smári kynni að hafa sest við, þar sem hann kvaðst ekki hafa hitt hann frekar inni í húsinu. Stefnandi kvaðst ekki hafa merkt það, þá er hann hitti Karl Smára við komu sína í húsið, að hann væri undir áhrifum áfengis, enda þá sjálfur í því ástandi, að hann hafi ekki gefið slíku gaum. Stefnandi kvaðst hafa neytt áfengis á dansleiknum og því hafa verið töluvert undir áhrifum þess, þá er honum lauk. Er hann hafi komið út úr húsinu að honum loknum, hafi hann lent í einhverri rimmu við mann þar utan dyra. Hafi Karl Smári þá komið þar að og boðið sér far með sér heim í Kópavog og með því leyst deilu sína við viðkomandi mann. Hafi hann þá ekki séð nein merki þess, að Karl Smári væri undir áhrifum áfengis. Hafi stefnandi þá sest inn í bifreið Karls Smára. Gat stefnandi ekki gert sér grein fyrir því, hvernig kunni hafa verið skiptum sínum á flutningi úr fram- eða aftursæti bifreiðarinnar, en taldi sig í upphafi hafa sest í fram- sæti hennar, síðar ef til vill í aftursæti og síðan aftur í fram- sæti, þar sem hann sat, er slysið skeði. Hann mundi þó til þess,

að eftir að hann kom inn í bifreiðina, hafi einhverjir menn rætt við Karl Smára, án þess að stefnandi hafi fylgst með þeim viðræðum, en mundi þó, að einn þeirra hafi verið Steinn Steinsen, sem hann kvaðst kannast við. Um akstur Karls Smára frá veitingahúsinu og til þess, er slysið skeði, gat stefnandi ekki borið, þar sem hann hafi ekki vegna ölvunar sinnar getað fylgst með því.

Úr skýrslum rannsóknarlögreglunnar af framburðum nokkurra pilta, sem saman voru við borð á umræddum dansleik og þekktu eða könnuðust við bæði Karl Smára heitinn og stefnanda, kemur fram, að Karl Smári hafi neytt áfengis að þeim sumum ásjáandi í veitingahúsinu og að hann hafi að mati annarra verið undir áfengisáhrifum á dansleiknum. Þykir ekki ástæða til að rekja, hvern framburð fyrir sig að því leyti.

Daníel Friðriksson skýrði svo frá, að hann hefði farið með nokkrum kunningjum sínum á dansleikinn, en þar sem hann hafi verið bílstjóri þetta kvöld, hafi hann ekki neytt áfengis. Hins vegar hafi hann séð Karl Smára heitinn neyta þess við borð þeirra félaga.

Stefán H. Stephensen skýrði svo frá, að hann hefði ekið Steini Steinsen í bifreið hans til dansleiksins og um hafi samist, að hann sækti hann þangað við lokin. Hafi hann síðan komið þeirra erinda og þá farið inn í húsið. Hafi hann auk Steins hitt nokkra félaga og kunningja úr Kópavogi, sem þar voru, þar á meðal Karl Smára heitinn, en ekki stefnanda. Flestir pilta þessara hafi þá verið undir áfengisáhrifum, þó ekki Daníel Friðriksson.

Steinn Steinsen skýrði svo frá, að hann hefði komið til dansleiksins í bifreið sinni, en þar sem hann hafi ætlað að neyta þar áfengis, hafi hann fengið félaga sínum umráð bifreiðarinnar. Sá hafi ekki verið á dansleiknum, en ætlað að sækja sig að honum loknum, sem og varð. Hann hafi á dansleiknum verið með ýmsum kunningjum sínum og að borði þeirra félaga hafi komið meðal annars Karl Smári heitinn. Hafi þeir haft vín um hönd, og taldi hann meðal annars, að Karl Smári heitinn hefði gert það einnig. Ekki kvaðst hann muna eftir því, að stefnandi hefði komið að borði þeirra félaga, en kvað það þó kunni að hafa verið, enda hafi þeir þekkt svo og aðrir félagar sínir við borðið. Alla vega hafi hann vitað um tilvist stefnanda á dansleiknum. Er dansleiknum var lokið hafi hann komið að bifreið Karls Smára heitins, enda hafi Karl Smári verið búinn að skýra sér frá því, að hann ætti vín í bifreið sinni. Hafi stefnandi þá ver-

ið í aftursæti bifreiðarinnar og að því er sér hafi vírst mjög ölv-aður. Kvaðst Steinn hafa þegið vín hjá Karli Smára, en er hann hafi heyrt á honum, að hann ætlaði sér að aka heim, þá hafi hann reynt að fá hann ofan af þeirri ætlan og boðið honum far með sér. Sér hafi hins vegar ekki tekist að breyta ákvörðun Karls Smára. Á sama tíma hafi tveir menn, sem Steinn kvaðst ekki hafa þekkt, verið að reyna að fá Karl Smára til að hætta við akstursákvörðun sína. Ekki taldi Steinn stefnanda hafa getað fylgst með þessum viðræðum vegna ölvunar. Steinn gat þess, að oft hefði verið, þá er þeir félagarnir ætluðu út að skemmta sér, hafi þeir hist á undan og neytt áfengis. Algengt hafi verið, að einn þeirra neytti ekki áfengis, hvorki þar né á væntanlegum dansleik, heldur tæki að sér að vera ökumaður þeirra og fengi þá til umráða þá bifreið, sem þeir hverju sinni höfðu til umráða. Slíkt fyrirkomulag hafi verið þegjandi samkomulag millum þeirra og hafi þeir treyst viðkomandi hverju sinni. Hafi sá hins vegar farið að neyta áfengis síðar, þá hafi yfirleitt verið tekinn leigubíll frá dansleik, viðkomandi bifreið verið skilin eftir og sótt þá daginn eftir, enda hafi þeir haft næg bifreiðaráð.

Þeir Oddgeir Jensson og Guðmar Hafberg Hauksson, kenn-arar, voru saman á dansleiknum. Báðir skýrðu þeir svo frá, að þeir hefðu séð stefnanda töluvert ölvaðan á dansleiknum. Er honum var lokið, hafi þeir verið utan dyra nokkra stund. Hafi þeir veitt athygli, að Karl Smári og stefnandi hafi verið við bif-reið Karls Smára og augskýlegt, að Karl Smári hafi ætlað að aka bifreiðinni. Hafi þeir haft tal af Karli Smára, bent honum á ölvunarástand hans og reynt að fá hann til þess að aka ekki bifreiðinni. Hafi allar fortölur þeirra engan árangur borið, en Karl Smári ekið af stað. Þá hafi stefnandi sýnilega verið mikið ölv-aður, meir en Karl Smári, og nefndi Guðmar það, að stefn-andi hefði legið í aftursætinu. Þeir félagar hafi síðan fylgt bif-reið Karls Smára eftir, þar sem henni var ekið austur Suður-landsbraut, suður Grensásveg og síðan austur Sogaveg. Hafi aksturslag Karls Smára borið þess merki, að hann væri ekki að fullu fær til aksturs. Hafi hann skyndilega vikið frá lítilli bif-reið, sem var kyrrstæð að hluta uppi á gangstétt, á Sogavegin-um eins og hann hafi ekki séð hana, fyrr en í þann mund er hann kom að henni. Þar skammt fyrir austan hafi vörubifreiðin staðið, og kváðust þeir báðir hafa greinilega séð hana. Virtist sama hafa orðið uppi eins og við litlu bifreiðina, að Karl Smári

hafi ekki séð hana, fyrr en hann var fast að henni kominn, því hann reyndi þá að sveigja frá henni, sem honum ekki tókst.

Haukur Ásmundsson lögreglumaður skýrði svo frá hjá rannsóknarlögreglu, að hann hefði föstudagskvöldið 28. september 1974, er hann hafi verið á venjulegri eftirlitsvakt, veitt athygli vörubifreiðinni G 6628, þar sem hún stóð við hægri akbrún Sogavegar gegnt húsinu nr. 88. Þar sem hann hafi talið hættu geta stafað af bifreiðinni, hafi hann farið þarna í hús, hitt þar ungan mann og eftir að hafa fengið vitneskju, að þar væri að finna umráðamann bifreiðarinnar, hafi hann óskað eftir því, að bifreiðin yrði fjarlægð. Hafi þeim óskum verið vel tekið og hafi hann treyst því, að slíkt yrði gert, en ekki hafa haft frekari afskipti af framkvæmd.

Guðmundur Magnússon var umráðamaður vörubifreiðarinnar og skýrði svo frá hjá rannsóknarlögreglu, að miðvikudagskvöldið fyrir umrætt slys hefði komið upp eldur í rafkerfi bifreiðarinnar og gert hana ógangfæra. Hafi hann látið draga bifreiðina á þann stað, sem hún var, er slysið skeði, og hafi hann fengið lögreglubifreið til að fylgja þeim drætti eftir, þar sem ljós hafi engin verið á bifreiðinni. Engar athugasemdir hafi lögreglumennirnir gert við stöðu bifreiðarinnar. Hann kvaðst í þetta skipti hafa þurrkað af glitmerkjum og ljósum aftan á bifreiðinni. Næstu daga hafi hann ekki verið í borginni, en komið heim til sín seint á laugardagskvöldinu 28. september 1974. Hafi hann þá fengið þau skilaboð, að lögreglumaður hefði komið með ósk um það, að bifreiðin yrði flutt. Þar sem svo áliðið hafi verið kvöldsins, hafi hann ekki haft tök á að verða við þeirri ósk, en ætlað að gera ráðstafanir til þess daginn eftir, en um nóttina hafi slysið orðið.

Grétar Sæmundsson lögreglumaður kom á slysstaðinn umrædda nótt. Hann kvað vettvang hafa verið slíkan, að á götunni hafi verið nýlegt malbik og um það bil á miðri akbrautinni hafi verið vel merkt varúðarlína. Veður var kalt, þurrt og kyrrt og gatan þurr. Myrkur var, en rafmagnslýsing góð eftir því sem gerist. Ljósastaurar staðsettir norðan götunnar, og næsti staur við slysstaðinn var rétt austan hans, en annar skammt vestan hans. Taldi hann akstursskilyrði hafa verið góð eftir því sem getur verið á þessum stað að nóttu til. Grétar kvaðst hafa kannað, hvernig vörubifreiðin sæist lengra að, og í ljós hafi komið, að hún var greinilega sjáanleg alllangt frá. Glitmerki undir pall-

hornum bifreiðarinnar hafi verið hrein svo og afturljósið hægra megin, en vinstra afturljós var brotið. Hann kvaðst hafa kannað, hvernig þessi glitmerki svöruðu ljósum frá bifreið þeirri, er hann ók, og í ljós hafi komið, að afturljós endurkastaði ekki ljósi, og glitmerkin á pallhornum endurköstuðu ekki ljósi, fyrr en komið var allnærri bifreiðinni, en miðað við það, hve þau voru hátt frá jörðu, mætti segja, að það væri eðlilegt. Grétar kvaðst hafa farið í slysavarðstofuna og fengið að tala við stefnanda. Hafi hann verið með meðvitund, en sjáanlega drukinn.

Með skýrslu rannsóknarlögreglu liggur fyrir uppdráttur af slysstað. Samkvæmt þeim uppdrætti virðist heildarbreidd Sogavegar vera nálægt 9 metrum, sem skipt er í tvær akreinar með brotnandi strikum til helminga fyrir hvora akstursstefnu. Akreinaskipti eru ekki merkt á hvorum helmingi akbrautarinnar. Á uppdrættinum er ljóst, að vörubifreiðin G 6628 er staðsett við jaðar hægri akbrautar, og vegna breiddar hennar tekur hún um helming þeirrar brautar miðað við miðlínu alls vegarins. Engin bannmerki voru eða eru til lagningar bifreiða á Sogavegi. Dómarinn hefur farið á vettvang nú til könnunar aðstæðum. Sást þá engin miðlínumerking.

Kröfur stefnanda á hendur stefnda dánarbúi Karls Smára eru byggðar á hinni almennu skaðabótareglu, sbr. 3. mgr. 69. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Ljóst sé, að Karl Smári heitinn hafi með gálauslegum akstri sínum í umrætt sinn verið valdur að árekstrinum. Vitað sé, að Karl Smári neytti áfengis á dansleiknum, og skýrslur sýni, að hann muni hafa borið þess einhver merki, áður en hann hóf akstur bifreiðar sinnar frá staðnum og einnig við akstur hennar. Áfengismagn í blóði hans var hins vegar ekki sannreynt. Stefnandi hins vegar var samkvæmt eigin framburði, sem einnig styðst við framburði vitna, mjög ölvaður á dansleiknum og að honum loknum. Stefnandi og Karl Smári voru kunningjar og skemmtu sér stundum saman, en í hér umrætt sinn hafi þeir ekki verið saman. Ekkert sé fram komið í málinu, að þeir hafi séð hvor til annars um neyslu áfengis á dansleiknum, en að því er best verður séð hafi þeir aðeins hist til skipta á kveðjum, er stefnandi kom í samkomuhúsið. Að dansleiknum loknum, er stefnandi lenti í rimmu þar utanhúss, hafi Karl Smári, ef svo má segja, bjargað honum frá frekari afleiðingum og komið honum í bifreið sína til aksturs heim. Verði að ætla, að stefnandi hafi þá ekki getað eða mátt geta ætlað, að Karl Smári væri með áfengisáhrifum. Afskipti aðilja þess efnis

að fá Karl Smára til að hætta við akstur bifreiðar sinnar hafi vegna ölvunarástands stefnanda farið fram hjá honum, svo sem allir framburðir þar að lútandi leiði í ljós. Af þessu leiði, að ekki verði með neinu móti lagt á stefnanda sjálfan að bera hluta tjóns síns fyrir það að hafa gerst farþegi með ölvuðum öku-
manni, sem þá ekki var fær um akstur á öruggan hátt. Verði að gera mjög ríkar kröfur um sönnun af hálfu skaðvalds um það atriði.

Kröfur stefnanda á hendur stefndu Rögnu Lindberg eru byggðar á 68. gr. og 1. mgr. 69. gr. umferðarlaga. Vörubifreiðinni G 6628 hafi verið lagt við syðri akbrautarbrún Sogavegar gegnt húsinu nr. 88. Sé það algerlega ólögleg staðsetning, og stafaði veruleg hætta af henni fyrir umferð um veginn, svo sem og raun varð á. Vekur stefnandi athygli á því, að kvöldið fyrir slysið hafi lögreglumaður óskað eftir því, að umráðamaður bifreiðarinnar fjarlægði hana vegna þeirrar hættu, sem af henni stafaði. Þrátt fyrir loforð um að gera slíkt, var því ekki sinnt. Sé hér um að ræða vítavert kæruleysi af hálfu umráðamanns vörubifreiðarinnar og megi rekja orsakir slyssins m. a. til hinnar háskalegu stöðu vörubifreiðarinnar, en á því beri stefnda Ragna Lindberg ábyrgð sem eigandi hennar.

Kröfur stefnanda á hendur hinum stefndu váttryggingarfélögum byggir hann á 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga.

Sýknurök stefndu dánarbús Karls Smára og Almennra trygginga h/f eru fyrst og fremst þau, að stefnandi hafi hlotið að vita, að ökumaður Y 4469, Karl Smári, hafi vegna ölvunarástands verið óhæfur til aksturs bifreiðarinnar í umrætt sinn. Þeir stefnandi og Karl Smári voru kunningjar og þó þeir í þetta sinn hafi ekki farið saman á dansleikinn, þá sé ljóst af framburðum vitna, að þeir hittust þar og þá í félagahóp. Verði að ætla, að stefnanda hafi verið kunnugt um áfengisneyslu Karls Smára. Eftir að dansleiknum lauk og stefnandi var kominn inn í bifreið Karls Smára, hafi bæði kunnugir og ókunnugir aðilar reynt að fá Karl Smára til að láta af fyrirætlan sinni um akstur bifreiðarinnar. Stefnandi hlaut að verða þessa var. Jafnvel þótt hann haldi því fram, að hann hafi verið með skerta dómgreind sökum eigin áfengisneyslu, þá geti það á engan hátt leyst hann undan þeirri ábyrgð á sínu eigin lífi og limum, sem hann af fúsum og frjálsum vilja tekur á sig með því að setjast upp í bifreið hjá drukknum manni. Hann hafi þá sjálfur vitandi vits komið sér í slíkt ástand. Af þessu leiði, að stefnandi verði að bera tjón

sitt alfarið sjálfur, sbr. 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga. Til ýrustu vara mótmæla þessir stefndu kröfufjárhæð stefnanda sem of hárrí, og bent er á, að á þessum tíma, sbr. lög nr. 25/1974, hafi hámark ábyrgðartryggingar bifreiða verið kr. 6.000.000. Tryggingarfélagið geti því ekki borið meiri solidaríska ábyrgð með dánarbúinu en sem þeirri fjárhæð nemur, sbr. 3. mgr. 70. gr. umferðarlaga.

Sýknukrafa stefndu Rögnu Lindberg og Hagtryggingar h/f er í fyrsta lagi studd þeim rökum, að orsakir slyssins verði alfarið raktar til stórfellds gáleysis ökumanns Y 4469, Karls Smára, með vítaverðum akstri sínum undir áhrifum áfengis, er trufluðu gerðir hans. Í annan stað telja þessi stefndu stefnanda eiga sjálfan að bera ábyrgð á tjóni því, er hann hlaut í slysinu, þar sem hann hafi mátt vita, þá er hann gerðist farþegi í bifreið Karls Smára, að hann væri með áfengisáhrifum og því óhæfur til aksturs. Hníga þessi rök hans til hins sama og hinna fyrrtöldu stefndu að þessu leyti. Þessi stefndu benda á það í öðru lagi, að hér umrætt slys sé ekki árekstur bifreiða í merkingu 68. gr. umferðarlaga. Verði því ábyrgð á hendur sér eingöngu byggð á hinni almennu skaðabótareglu, sbr. 1. mgr. 69. gr. laganna. Engu slíku sé til að dreifa í hér umræddu tilvik. Vöribifreiðin G 6628 var löglega staðsett við hægri götubrún Sogavegar og breytt þar eigi um, þótt hún hafi verið nokkru fyrirferðarmeiri en venjuleg einkabifreið gerðar sinnar vegna. Ekkert bannaði lagningu bifreiðarinnar á umræddum stað til bráðabirgða, og allt var gert af hálfu umráðamanns hennar, til að hún væri sýnileg annarri umferð, svo sem hrein glitmerki og ljósker. Einnig hafi lýsing götunnar verið góð, þannig að öll akstursskilyrði á staðnum voru góð þrátt fyrir rökkur. Er og bent á það, að Karl Smári hafi áður nær rekist á aðra bifreið við sömu götubrún og mátt því gera sér ljóst þrátt fyrir allt, að hann þyrfti að varast slíkar hindranir á þessum stað. Hið sama megi og segja um stefnanda sjálfan, sem sat við hlið hans í bifreið Karls Smára. Af þessu sé því ljóst, að engin sú sök sé af hálfu umráðamanns G 6628, sem leitt geti til bótaábyrgðar gagnvart stefnanda á tjóni hans. Til ýrustu vara mótmæla þessi stefndu kröfufjárhæð stefnanda sem allt of hárrí, og bent er á, að tryggingarfélagið geti ekki borið hærri fjárskyldu en sem nemur kr. 6.000.000 með sama grundvelli og hið fyrrtalda tryggingarfélag.

Til niðurstöðu dóms um bótaskyldu í málinu verður að taka

afstöðu til eftirfarandi þriggja þátta: a) Karls Smára, b) umráðamanns vörubifreiðarinnar og c) stefnanda sjálfs.

Blóðsýni var ekki tekið úr Karli Smára til ákvörðunar um áfengisáhrif. Það þykir hins vegar nægilega sannað með framburðum þeim, sem hér að framan eru raktir, að Karl Smári var með áfengisáhrifum, þá er hann ók bifreið sinni frá veitingahúsinu. Af framburðum þeirra Oddgeirs Jenssonar og Guðmars Hafberg, sem fylgdust með akstri Karls Smára frá veitingahúsinu og þá leið fram að því, er slysið skeði, þykir ljóst, að allt aksturslag hans hafi verið með þeim hætti, að hann hafi ekki haft nægilegt vald á akstri bifreiðar sinnar. Af þeim sökum telur dómarrinn Karl Smára hafa með þeim akstri átt sök á slysinu. Er dánarbúi hans því bótaskyldt gagnvart stefnanda á tjóni því, er hann varð fyrir í umrætt sinn samkvæmt almennum skaðabótareglum og ákvæðum umferðarlaga.

Eins og fyrr segir, byggir stefnandi kröfur sínar á hendur stefndu Rögnu Lindberg á því, að slysið megi að hluta rekja til stöðu vörubifreiðarinnar. Umráðamaður vörubifreiðarinnar hafði lagt henni á umræddan stað vegna bilunar tveim til þrem dögum fyrir slysið og hafi lögregla fylgst með þeim aðgerðum að hans sögn og sem ekki hefur verið vefengt. Hann gætti þess, að glitljós á bifreiðinni og ljósker væru hrein til svörunar ljósgeisla að henni. Staðfestir framburður lögreglumanns þess, er kom á vettvang, að svo hafi verið. Sogavegur er akbraut fyrir umferð í báðar áttir. Var umráðamanni vörubifreiðarinnar heimil lagning hennar við hægri brún akbrautarinnar, svo sem gert var. Stöður bifreiða á akbraut eru í eðli sínu ávallt hindrun fyrir aðra umferð, en óhjákvæmileg og kunn öllum öikumönnum. Hindrunin verður því meiri sem ökutækið tekur meira rými af akbrautinni. Í hér umræddu tilviki var um vörubifreið að ræða, sem tók um fjórðung akbrautarinnar til stöðunnar. Þrátt fyrir það var umferð um götuna greið. Það er því álit dómarans með tilliti til þess, sem segir um akstur Karls Smára hér að framan, að frágang umráðamanns vörubifreiðarinnar við lagningu hennar, svo og aðstæðna allra, að eigi verði sérstök sök á slysinu lögð vegna stöðu vörubifreiðarinnar.

Það er ljóst af gögnum málsins, að stefnandi og Karl Smári voru kunningjar, eða jafnvel vinir, og svo var um aðra félaga stefnanda, sem á dansleiknum voru saman eða hittust saman. Stefnandi kom einn til dansleiksins og neytti þar áfengis. Virðist af framburðum þar um, að hann hafi orðið alldrukinn og

verið svo að dansleiknum loknum. Af þeim framburðum, sem fyrir liggja, verður ekki ráðið, að þeir stefnandi og Karl Smári hafi sameiginlega neytt áfengis á dansleiknum eða hist þar sérstaklega. Þykir verða að leggja til grundvallar þar um skýrslu stefnanda. Að dansleiknum loknum losaði Karl Smári stefnanda frá útistöðum við aðra aðilja og tók hann inn í bifreið sína til aksturs heim til þeirra í Kópavog. Því hefur verið haldið fram af stefnanda, að þá er þeir félagar hafi neytt áfengis og farið til dansleikja, hafi jafnan einn þeirra ekki neytt áfengis, en tekið að sér akstur á þeim félögum, enda virðist sem þeir hafi allir haft umráð bifreiða, annað hvort eigin eða að láni. Framburður Steins Steinsen hnígur og til þess. Einnig kemur fram, að Daníel Friðriksson, einn þeirra félaga, hafi ekki neytt áfengis á dansleiknum, þar sem hann hafi verið „bifreiðarstjóri þetta kvöld“. Ljóst er, að eftir að stefnandi kom inn í bifreið Karls Smára, hafi aðiljar rætt völd Karl Smára í þeim tilgangi að fá hann til að láta af ætlun sinni til aksturs, þar á meðal Steinn Steinsen. Ber þeim aðiljum saman um, að stefnandi hafi þá verið öfurölvi. Að þessu öllu athuguðu, sem nú hefur verið rakið, þá telur dómarrinn, að stefnandi hafi ekki vitað, mátt vita eða hefði átt að vita, að Karl Smári var með áfengisáhrifum við aksturinn og af þeim sökum ekki verið fær um akstur bifreiðar sinnar. Verður hluti sakar því ekki lagður á stefnanda sjálfan af völdum slyssins.

Niðurstaða er því sú, að stefnandi á óskertan bótarétt úr hendi dánarbúi Karls Smára og Almennum tryggingum h/f, sbr. 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga, með þeim takmörkunum, sem síðar verða greindar varðandi tryggingarfélagið. Ber hins vegar að sýkna aðra stefndu í málinu, þ. e. Rögnu Lindberg og Hagtryggingu h/f.

Stefnandi sundurliðar nú bótakröfur sínar þannig:

1. Vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku kr. 18.016.982
2. Bætur vegna miska, óþæginda og sársauka .. — 900.000

Kr. 18.916.932

Um 1.

Björn Önundarson læknir mat örorku stefnanda, og í mati hans eru teknar upp læknisskýrslur varðandi meðferð stefnanda eftir slysið. Fyrst vitnar hann til vottorðs Bjarna Hannessonar, heilaskurðlæknis við skurðeild Borgarspítalans, dags. 29. september 1976, en þar segir orðrétt:

„Sverrir Gaukur Ármannsson, f. 9/2 '52, Digranesvegi 67, Kópavogi, var fluttur á Slysadeild Borgarspítalans kl. 03.10 að nóttu

þ. 29/9 '74. Samkv. upplýsingum frá sjúkrabílstjórum var sjúkl. farþegi í bifreið, sem var ekið undir vörubílpall. Við komu á Slysadeild var sjúkl. með fullri meðvitund. Það fannst, að hann var með tveggja cm skurð hæ. megin á hnakka og skrámur á báðum hnjám, aðrir ytri áverkar sáust ekki. Við neurologiska skoðun fannst, að sjúkl. var með quadriplegiu, þannig að hann hafði góða krafta í biceps vöðvum báðum megin, en triceps vöðvinn hæ. megin var gjörsamlega lamaður. Sjúkl. var með smá hreyfingu í vi. triceps vöðva. Hann var með algjöra lömum þar fyrir neðan og hafði t. d. enga krafta við grip og engan mátt í fótleggjum. Hann hafði góða biceps reflexa bilateralt, en það voru engir triceps reflexar og engir reflexar í fótum. Hann hafði enga tilfinningu fyrir neðan viðbein, og við skoðun fannst, að það var sensorískt tap við VII. cervical dermatome. Það voru engin merki um áverka á brjóstholi, kviðarholi eða útlimum. Teknar voru rtg. myndir af sjúkl., sem sýndu, að hann var með brot á VI. hálslið, en brotið hafði ekki gengið teljandi til.

Sjúkl. var síðan meðhöndlaður með hálsstrekki, og það var lagður upp hjá honum þvagleggur. Þar sem hann gat ekki losnað við þvag vegna mænuskemmda. Hann var síðan tekinn til aðgerðar þ. 10/10 '74 og gerð fremri spening, sem náði frá V.—VII. hálsliðar. Speningin heppnaðist vel, þannig að sjúkl. greri með góða legu á brotunum, og hann sýndi síðan bata smám saman. Hann fékk fyrst kraft í vi. triceps vöðva og fór að geta hreyft fingurna vi. megin. Síðan fékk hann mátt í vi. fótlegg. Það tókst að losa hann við þvaglegginn þ. 28/10, og sjúkl. losnaði eðlilega við þvag eftir það.

Þann 29/10 '74 var neurologískt ástand sjúkl. þannig, að hann var búinn að fá góðan kraft í triceps vi. megin, hann gat hreyft fingur allvel, hann hafði töluverðan kraft í vi. fótlegg, og hann gat hreyft fingur hæ. megin, en triceps vöðvinn var enn máttlaus, og hann var með algjöra lömum í hæ. fótlegg. Þá fannst, að sjúkl. var búinn að fá tilfinningu hæ. megin í líkamanum bæði fyrir sársauka-, hita- og snertiskyn, en hann hélt áfram að vera tilfinningalaus vi. megin frá C VII. dermatome.

Ástand sjúkl. hélt síðan áfram að lagast. Speningin var góð, og sjúkl. fluttis á Endurhæfngardeild Borgarsp. við Grensásveg þ. 18/11 '74, og þá var sjúkl. kominn í hjólastól og hafði eðlileg þvaglát, og síðan hefur þessi sjúkl. verið í umsjá og undir eftirliti lækna Endurhæfngardeildar Borgarspítalans, og varðandi frekara ástand sjúkl. vísast til þeirra. Áverkar sjúkl. voru því: Brot

á VI. hálslið með alvarlegri skemmd á mænu með afleiðingum, sem lýst hefur verið að ofan“.

Þá vitnar Björn Önundarson til vottorðs Ásgeirs B. Ellertssonar, yfirlæknis við endurhæfingardeild Borgarspítalans, dags. 22. desember 1975, en þar segir til viðbótar: „Í stórum dráttum er ástand sjúkl. óbreytt frá því, sem það var við útskrift frá endurhæf.d. Bsp. í ágúst '75. Hann er sjálfbjarga og fer allra sinna ferða með stuðningi eins hækjustafs.“

Hann hefur væga verul. tetraparesis. Paresan vart merkjanleg í v. ganglim og væg í v. handl., nema fingurhreyfingar, sem eru talsv. skertar. Hann getur þó spilað með öllum fingrum v. handar á móti þumalfingrinum. Því sem næst algjör paresa í h. hendi og h. fæti. Spastiskir refl. í ganglimum, en bæði patellar og fótklonus bilat. og pos. Bab. bil. Eðlilegur tonus í handleggjum. Væg — veruleg húðskynstruflun distalt við C.-VIII. bilat., þ. e. a. s. ulnart á -ðig. IV og V á báðum höndum svo og neðan við clavicula bilat. Talsvert dissociation er á þessari húðskynstruflun, þannig að sársauka- og hita- og kuldaskynið er verulega skert á v. hluta bógs og v. ganglim. Snertiskynið er mjög vægt skert. Vibratonsskynið er upphafið í v. ganglim og minnkað á h. ganglim. Stöðuskyn horfið á h. fæti, minnkað á v. fæti, og djúpa sársaukaskynið er til staðar á h. megin, en upphafið á v. fæti.

Meðf. Læknar skurðlækningadeildar og endurhæfingardeildar Borgarspítalans í Reykjavík hafa stundað sjúkl. auk mín.

Hjúkrun og meðferð tel ég fullnægjandi eins og er.

Starfsgeta: Frá því slysið varð, þann 29/9 '74, og þar til nú, hefur sjúkl. ekki stundað nein störf. Starfsgeta ums. er verulega skert og mun verða það í framtíðinni. Með þeirri lömun, sem Sverrir hefur, ætti hann að geta stundað ýmiss konar léttari störf, eða haldið áfram námi innan ákveðins ramma, t. d. með kennslustörf í huga.

Ums. hefur fengið gr. dagpeninga frá Sjúkrasamlagi til september 1975.

Pilturinn kemur til með að vera verulegur öryrki það sem eftir er ævinnar. Ætti samt að geta innt af hendi ýmiss konar störf, og vinnur hann nú að því ásamt ættingjum að fá hentugt starf, á meðan hann er að velta því fyrir sér, hvort hann ætti að halda áfram framhaldsnámi.“

Enn liggur fyrir vottorð, undirritað af Lárusi Helgasyni, yfirlækni við Kleppsspítalann í Reykjavík, dags. 30. júlí 1976, svo hljóðandi:

„Að beiðni tryggingayfirlæknis, Björns Önundarsonar, var Sverrir Gaukur Ármannsson, Digranesvegi 67, Kóp., f. 9/2 '52, n.nr. 8776-8147, rannsakaður með tilliti til afleiðinga bifreiðaslyss á andlegt heilsufar hans.

Foreldrar Sverris Ármann J. Lárusson, verkamaður, og Björg Árnadóttir, verkstjóri í frystihúsi. Sverrir er fæddur í Reykjavík, ólst upp hjá foreldrum, en þau fluttust fljótlega til Kópavogs. Hann á 3 árum yngri systur, sem nú er í skóla. Sverrir telur, að nokkurt ósamkomulag hafi verið milli foreldranna, og mun það ástand hafa haft einhver áhrif á sig. Hann fór í barnaskóla og gekk vel, en í gagnfræðaskóla og menntaskóla fór námið að ganga misjafnlega, reyndar var hann þá ekki viss um, hvort hann ætlaði sér menntavegin. Stúdentseinkunn hans mun hafa verið nokkuð fyrir neðan meðallag. Á þessum árum undi hann mest við íþróttir og ferðalög, auk þess sem hann spilaði allmikið. Eitthvað mun hann líka hafa gutlað við vín. Svo virðist sem hann þegar á menntaskólatímabilinu hafi viljað komast hjá því að taka ákvörðun um framtíðarverkefni. Að loknu stúdentsprófi hóf hann vinnu á vinnuvélum án þess þó að hafa það sem framtíðarstarf í huga. Hann hafi þá gælt við þá hugsun að halda áfram námi í Háskólanum í stærðfræði eða eðlisfræði. Segja má, að hann hafi verið í nokkurs konar bið að loknu stúdentsprófi, áður en að hann fyndi hjá sér getu eða löngun til þess að taka ákvörðun um, hvers konar verkefni hann ætti að taka að sér í framtíðinni. Slík bið er ekki óalgeng og oft skynsamleg.

Þann 28/9 1974 lenti Sverrir í mjög alvarlegu bílslysi og lamaðist mikið. Læknar sjúkrahúss þess, er hann dvaldi á, bentu honum fljótlega á, að hann mætti reikna með að verða mikið varanlega lamaður. Hann skoðaði það hins vegar sem „staðreynd“, að hann mundi verða aftur því sem næst, ef ekki alveg, fullfrískur. Til þess að styrkja þessa skoðun bendir hann á, að læknarnir hafi þegar spáð rangt til um horfur hans. Skerðing hans í hreyfingum er mjög veruleg, göngugetan takmörkuð, hægri hönd næstum ónýtt, og getur hann engan veginn skrifað með henni, en vinstri hönd verulega skert og óvíst um, hvort hann geti þjálfað hana upp til þess að geta notað til skrifta. Fyrir ungan stúdent, sem naut íþróttar, göngu og ferðalaga, hlýtur slík skerðing að sjálf-sögðu að vera mjög alvarleg. Hann tekur ekki á málinu með því hugarfari, að því er virðist í viðtali. Hann telur líkamlegu skerðingu sína núna vera aðeins millibilsástand, þar sem staðreyndin mun vera sú, að hann ætti eftir að verða miklu betri, ef ekki

alveg góður. Hann ræðir jafnframt um að fara í Háskólann til þess að nema lögfræði eða stærðfræði eða eðlisfræði.

Þegar á sjúkrahúsinu eftir slysið fór hann að verjast tilfinningavandamálum með því að sleppa tímanum, hugsa aðeins það jákvæða og stefna að því að verða frískur og sanna fyrir sjálfum sér, læknum og öðrum, að hann muni ná því takmarki. Hann virðist því forðast að sjá framtíð sína öðru vísi en sem meira eða minna með frískan líkama.

Í viðtalinu tjáir Sverrir einlægt skoðanir sínar. Hann er opin-skár innan vissra marka. Hann virðist forðast að taka ákveðna afstöðu til neins áforms, sennilega í og með til þess að þurfa ekki að láta reyna á getu sína til þess að mæta kröfum þeim, sem þarf til þess að ná því markmiði. Hann er því enn sjúkl., sem ekki hefur náð sér og stríðir við að ná bata. Það er því óvíst, hvernig hann muni bregðast við, þegar veikindatímabilinu lýkur og hann þarf að mæta takmörkunum sínum.

Þá gæti svo farið, að hann lenti í óþægilegu og jafnvel alvarlegu áfalli. Vegna þessa taldi ég rétt að fá sálfræðing til þess að prófa persónuleikastyrk hans, ef ske kynni, að svar fengist við því, hvort Sverrir muni geta mætt líkamsskerðingu sinni og afleiðingum hennar síðar.

Í prófinu, sem tekið var af Ingólfi Guðjónssyni, segir m. a. „... ef hann fær raunverulegan áhuga, þá er líklegt, að hann upplifi sínar líkamlegu takmarkanir. Líklegt er, að honum líði illa undir niðri og að þá komi fram aggressionir, kvíði og örvílnan, ef þær koma einhvern tímann upp á yfirborðið“. Ennfremur segir í niðurstöðu: „Hann virðist mjög aktífur, en krafti hans er líklega beint stefnulaust og án tillits til framtíðarinnar og líkamlegrar og andlegrar getu í dag.“

Sverrir er myndarlegur maður, snyrtilegur og vel klæddur, en með skertar ganghreyfingar. Hann er fremur einlægur, sæmilega opinskár og virðist öruggur í framkomu. Hann er vel greindur, þekking og orðaforði í samræmi við menntun. Hugsanagangur og tjáningaform er skýrt og nærminni jafnt sem fjærminni gott. Meðvitund greinileg, athygli góð, engar skyntruflanir eða ofskynjanir koma fram. Ekki koma fram nein einkenni, sem benda til heilaskaða.

Niðurstaða: Hér er um að ræða 24 ára pilt, sem hefur fengið alvarlegar líkamsskerðingar af völdum bílslyss. Viðbrögð hans gagnvart slysinu hafa í vissum skilningi verið sterk, en hann

hefur byggt upp vörn á þeim forsendum og forðast að hugsa til afleiðinga slyssins og viðurkenna, að líkamsskerðing verði nokkur að ráði. Þannig hefur hann ekki enn horfst í augu við það ástand eða bata, sem hann varanlega verður að setta sig við og taka afstöðu til tilverunnar út frá því. Ég tel því ekki rétt, að gengið sé nú endanlega frá mati á andlegu heilsufari og viðbrögðum hans gagnvart slysinu, þar sem svo virðist sem hann hafi ekki enn horfst í augu við líkamlegar takmarkanir sínar og að hann geti fengið, þegar að því kemur, langvinna og þjáningarfulla taugaveiklun.“

Loks liggur fyrir sálfræðileg athugun á stefnanda, framkvæmd af Ingólfi Guðjónssyni sálfræðingi. Skýrslan er ódagsett. Eftir fræðilega útlistun, sem nánar vísast hér til skýrslunnar, er samantekt sem hér segir: „Sverrir kom til sálfræðingsins brynjaður mjög, en sagði þó aðeins frá sér í síðasta viðtali. Prófin benda til þess, að Sverrir afneiti ógnandi tilfinningum og umhverfisþáttum í formi mikilla varna, enda virðast þær hafa almennt verið ríkur þáttur í persónuleika hans. Hvort hann finnur nokkurn tíma fyrir tilfinningum undir niðri, virðist mikið háð þáttum í hinu ytra umhverfi hans.

Samkvæmt úrslitum nú er líklegt, að hann geti ráðið við tilfinningar sínar vegna tiltölulega trausts persónuleika. Hann virðist mjög aktivur, en krafti hans er líklega beint stefnulaust og án tillits til framtíðarinnar og líkamlegrar og andlegrar getu í dag“.

Síðan segir í mati Björns Önundarsonar, að stefnandi hafi verið óvinnufær frá slysdegi til 5. ágúst 1975. „Eftir það er starfsgeta að sjálfsgöðu mjög verulega skert, enda þótt talið sé, að hann mundi geta unnið einhver létt skrifstofustörf eða því um lík störf. Varanleg starfsgeta slasaða að sjálfsgöðu einnig mikið skert. Varanlegar afleiðingar þessa slyss eru margvíslegar og ef til vill ekki að fullu séð fyrir endann á þeim. Svo sem fram er komið, kemst slasaði allra sinna ferða við einn hækjustaf. Hann hefur þó nokkra tetraparesis. Paresan er þó vart merkjanleg í vinstri ganglim og væg í vinstri handlegg, nema hvað fingurhreyfingar eru töluvert skertar. Hann hefur þó grip með öllum fingrum vi. handar á móti þumalfingri. Svo til algjör paresa í hæ. hendi og hæ. fæti. Spastiskir reflexar í ganglimum, en bæði patellar og fótklonus bilat. og pos. Bab bilateralt. Eðlilegur tonus er í handleggjum. Allveruleg húðskynstruflun er distalt við C-VII bilat., þ. e. a. s. ulnart dig IV og V á báðum höndum svo og neðan við Clavicula bilat. Að öðru leyti vísast til neurologiska skoðunnar Ásgeirs B.

Ellertssonar yfirlæknis, sem kemur fram í vottorði hans, sem að framan er skráð.

Hvað geðheilsu þessa pilts eftir áðurnefnt slys varðar, er talið erfitt að spá um. Hann virðist ekki hafa beðið neins andlegs hnekkis á þann veg að tapa t. d. minni eða því um líkt, en hver viðbrögð hans tilfinningalega síðar kunna að vera, er erfitt að spá. Það er því rétt, að fram komi, að hugsanlegt er, að endurskoða þurfi mat þetta síðar meir.

Þar sem nú er ekki talið, að um verulegar breytingar til batnaðar vegna afleiðinga áðurnefnds slyss verði hér eftir að ræða, þykir nú eðlilegt að meta þá varanlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss, og þykir hún hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi í 10½ mánuð	100%
Varanleg	75%“

Á grundvelli þessa örorkumats reiknaði Þórir Bergsson tryggingastærðfræðingur út örorkutjón stefnanda, fyrst 23. október 1976 og síðar 6. janúar 1978. Útreikningar tryggingastærðfræðingsins eru byggðir annars vegar á skattframtalstekjum stefnanda árin 1972—1974 og áætluðum vinnutekjum miðað við umreiknaðar meðaltekur kvæntra verkamanna samkvæmt úrtakstölum (meðaltal áranna 1971—1975) hækkað um hlutfallið milli taxta fyrir stjórn stórvirkra vinnuvéla, en við slíkt starfaði stefnandi á árunum 1972—1974, og vegins meðaltals allra taxta Dagsbrúnar. Síðan reiknar hann út árlegt tap vinnutekna í samræmi við örorkumatið, notandi annars vegar 9% ársvexti og hins vegar 13% ársvexti.

Þetta mat umreiknar síðan Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur með tilliti til verðlagsbreytinga, dags. 21. júní 1979, en byggir að öðru leyti á útreikningum Þórir Bergssonar. Eru niðurstöðutölur hans þessar:

	9% p. a.	13% p. a.
Vegna tímabundinnar örorku .	kr. 263.526	kr. 259.982
Vegna varanlegrar örorku	— 38.830.000	— 25.847.000
	Kr. 39.093.526	kr. 26.106.982

Frá 1. október 1975 var stefnanda úrskurðaður fullur örorkulífeyrir frá Tryggingastofnun ríkisins og janframt full tekjutrygging. Reikna tryggingastærðfræðingarnir verðmæti örorkulífeyris-

ins og tekkjutyggingarinnar (reiknað til 67 ára aldurs), og eru niðurstöðutölur í endurreikningi Jóns Erlings þessar:

	9% p. a.	13% p. a.
Örorkulífeyrir	kr. 6.059.000	kr. 4.235.000
Tekjutrygging	— 5.845.000	— 3.855.000
	Kr. 11.904.000	kr. 8.090.000

Það er á þessum niðurstöðutölum, sem stefnandi byggir fjárhæð kröfu sinnar samkvæmt þessum lið. Miðar hann þá við 13%, eða

að fráðregnum — 8.090.000 kr. 18.016.982

Í útreikningum tryggingastærðfræðinganna kemur fram, að stefnandi fékk greitt í dagpeninga frá sjúkrasamlagi kr. 186.880. Verðmæti þess nemur á slysdagi í útreikningunum kr. 178.037, ef miðað er við 9% ársvexti, og kr. 174.673, ef miðað er við 13% ársvexti.

Þegar allt það er virt, sem hér að framan hefur verið rakið, tillit tekið til þess, að tryggingastærðfræðingarnir reikna ekki frádrátt vegna opinberra gjalda í útreikningum sínum, svo og annarra þeirra atriða, sem hafa ber í huga við ákvörðun bóta af þessu tagi, þykir tjón stefnanda samkvæmt þessum kröfulið hæfilega metið með kr. 13.000.000.

Um 2.

Hér að framan hefur sjúkrasaga stefnanda verið rakin. Samkvæmt henni og öðru því, sem skipta þykir máli, þykir mega taka þennan kröfulið stefnanda til greina óskertan.

Tjón stefnanda telst því nema kr. 13.900.000 (13.000.000 + 900.000), og með vísan til þess, er áður greinir um bótaskyldu, ber að dæma stefnda dánarbú Karls Smára Magnússonar til greiðslu þeirrar fjárhæðar með vöxtum, eins og krafist er.

Stefndi Almennar tryggingar h/f er bótaskyldur in solidum með dánarbúinu samkv. ákvæði 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga. Hins vegar er ljóst, að á þeim tíma, er slysið skeði, var trygging félagsins sem ábyrgðaraðilja bifreiðarinnar Y 4469 að hámarki kr. 6.000.000. Af þeim sökum takmarkast hin solidariska ábyrgð þess við þá fjárhæð að viðbættum vöxtum, eins og þeir eru dæmdir í málinu.

Samkvæmt þeirri niðurstöðu, sem að framan er rakin, ber að

dæma hina dæmdu stefndu til greiðslu málskostnaðar. Í málinu liggur fyrir sundurliðaður málskostnaðarreikningur. Samkvæmt honum nemur útlagður kostnaður af rekstri málsins kr. 128.775. Heildarmálskostnaður í málinu þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.828.775, þar af hljóti skipaður talsmaður stefnda, Sigurður Helgason hæstaréttarlögmaður, kr. 1.700.000. Málskostnaður þessi renni í ríkissjóð. Hin solidariska ábyrgð Almennra trygginga h/f takmarkast að hluta málskostnaðar við kr. 890.000.

Málskostnað að því er varðar stefndu Rögnu Lindberg og Hagtryggingu h/f þykir eftir atvikum bera að fella niður.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu Ragna Lindberg Marusdóttir (sic) og Hagtrygging h/f eiga að vera sýkn af kröfum stefnanda, Sverris Ármannssonar, í máli þessu, en málskostnaður að því er þau varðar fellur niður.

Stefndu dánarbú Karls Smára Magnússonar og Almennar tryggingar h/f greiði stefnanda kr. 13.900.000, báðir stefndu in solidum kr. 6.000.000, en stefndi dánarbúið eitt kr. 7.900.000, hvorar tveggja fjárhæðirnar með 13% ársvöxtum frá 29. september 1974 til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979 og með 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu dánarbú Karls Smára og Almennar tryggingar h/f greiði stefnanda kr. 1.828.775 í málskostnað, báðir stefndu in solidum kr. 890.000, en stefndi dánarbúið eitt kr. 938.775, og renni fjárhæðir þessar í ríkissjóð. Kostnaður stefnanda af rekstri málsins, kr. 1.828.775, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Sigurðar Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1.700.000.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.